



17. maí 2017
Tilv. 1705025

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Alþingi
Reykjavík

Með tölvupósti dags. 8. maí 2017 óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, 331. mál.

Framkvæmd gjaldeyrisútboða Seðlabanka Íslands var liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshaftha sem kynnt var á árinu 2011. Á þeim tíma stóðu stjórnvöld frammi fyrir þeim vanda að í gegnum erlend fjármálafyrirtæki áttu erlendir aðilar miklar skammtímakröfur í íslenskum krónum, á innlenda aðila, svokallaðar aflandskrónur, einkum í formi innstæðna og stuttra og auðseljanlegra ríkisskuldabréfa. Forsenda þess að hægt yrði að losa um fjármagnshöftin var að lausn fyndist á þessum vanda. Fyrsti áfangi áætlunarinnar um losun hafða fólst í að draga úr áhættu sem aflandskrónueignir myndu skapa, m.a. á gjaldeyrismarkað, gengi og gjaldeyrisforða, við losun fjármagnshaftha með röð útboða þar sem aflandskrónueignum var boðið að selja krónueignir sínar fyrir erlendan gjaldeyri. Útboðin voru haldin á árunum 2012 til 2015. Sérstakt útboð var svo haldið í júní 2016 eftir að lög voru sett til að afmarka aflandskrónueignir með tryggum hætti svo unnt yrði að hefja losun fjármagnshaftha á heimili og fyrirtæki, sbr. lög nr. 37/2016 um krónueignir sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

Vegna takmarkaðs gjaldeyrisforða þegar útboðin voru hafin leit út fyrir að taka myndi mörg ár ef ekki áratugi að skapa skilyrði fyrir fulla losun fjármagnshaftha nema langtímafjárfestar yrðu fengnir að borðinu í því skyni að leysa út skammtímafjárfesta. Markmið fjárfestingarleiðarinnar var þannig að koma skammtímaeignum í form langtímaeigna og fjárfestar sem tóku þátt í fjárfestingarleiðinni skuldbundu sig til að halda á fjárfestingum sínum í a.m.k. fimm ár. Þannig bauðst langtímafjárfestum að kaupa krónur fyrir óskilaskyldan erlendan gjaldeyri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og aflandskrónueignum að selja krónueignir sínar í skiptum fyrir þann erlenda gjaldeyri, hvort tveggja á útboðsgengi sem réðst af tilboðum sem bárust frá fjárfestum annars vegar og aflandskrónueignum hins vegar. Þannig gegndi Seðlabankinn eins konar milligönguhlutverki í viðskiptum þeirra á milli og án þess að bankinn þyrfti að verja takmörkuðum gjaldeyrisforða sínum í

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Því skyni. Útboðin sem haldin voru á árunum 2012 til 2015 höfðu því ekki áhrif á gjaldeyrisforða en lækkuðu stöðu aflandskrónueigna verulega.

Seðlabanki Íslands hefur gert rækilega grein fyrir öllum þáttum áætlunarinnar um losun fjármagnshafta sem lauk að mestu leyti í mars sl., þ.m.t. gjaldeyrisútboðum og fjárfestingarleiðinni. Framkvæmdin gekk vel, var skipuleg og gagnsæ og upplýsingar hafa verið veittar um hana, nú síðast í ítarlegu svari við fyrirspurn á Alþingi til fjármála- og efnahagsráðherra um fjárfestingarleið Seðlabankans sem lagt verður fram á næstu dögum. Til frekari glöggvunar á fjárfestingarleiðinni og framkvæmd hennar er vísað til þess sem fram mun koma í svarinu við fyrirspurninni.

Með vísan til þess sem segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni að skattayfirvöldum hafi ekki verið gert viðvart af hálfu Seðlabankans þegar um grunnsamlegar fjármagnsfærslur var að ræða skal tekið fram að í samræmi við beiðnir embættanna voru Ríkisskattstjóra og Skattrannsóknarstjóra veittar upplýsingar um þátttakendur í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Telji nefndin þörf á frekari upplýsingum eftir að hún hefur kynnt sér svar fjármála- og efnahagsráðherra er Seðlabanki Íslands tilbúinn að veita þær sé honum það unnt.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri